

Mánudaginn 5. febrúar 1962.

Nr. 168/1961. **Ákærvaldið**

(Páll S. Pálsson, settur saksóknari)

gegn

**Böðvari Ámundasyni og  
Guðmundi Stefáni Gíslasyni**

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar **Hæstaréttar**.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Ekki þykir öruggt að fullyrða, að áfengismagn í blóði ákærða Guðmundar Stefáns hafi á þeim tíma, er hann hafði stjórn bifreiðarinnar með höndum, verið eins mikið og blóðrannsókn leiddi síðar í ljós. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða Guðmundar Stefáns verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærðu til að greiða in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málssóknarlaun, kr. 3.500.00, er renni í rikissjóð, og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærðu í Hæstarétti, kr. 3.500.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákærða Guðmundar Stefáns Gíslasonar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu, Böðvar Ámundason og Guðmundur Stefán Gíslason, greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málssóknarlaun til rikissjóðs, kr. 3.500.00, og málsvarnarlaun til verjanda ákærðu í

Hæstarétti, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns,  
kr. 3.500.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 2. maí 1961.

Ár 1961, þriðjudaginn 2. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 3950—51/1961: Ákæruvaldið gegn Böðvari Ámundasyni og Guðmundi Stefáni Gíslasyni, er tekið var til dóms 10. f. m.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 7. janúar 1960, höfðað gegn ákærða Böðvari Ámundasyni brunaverði, Hátúni 45, Reykjavík, og Guðmundi Stefáni Gíslasyni múrara-meistara, Sigtúni 27, Reykjavík. Ákærði Guðmundur Stefán er ákærður fyrir að hafa um kl. 15.30 laugardaginn 2. maí s.l. í beinu framhaldi af neyzlu áfengis, samfara neyzlu áfengis og undir áhrifum áfengis ekið bifreiðinni R 3802 frá Reykjavík og austur að Þjótanda í Flóa.

Ákærði Böðvar er ákærður fyrir að hafa síðan ekið greindri bifreið undir áhrifum áfengis frá Þjótanda og að Selfossi og nokkuð þar um.

Teljast hinir ákærðu hafa með þessu brotið, ákærði Guðmundur Stefán 1. og 2. mgr. og ákærði Böðvar 2. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að hinir ákærðu verði dæmdir til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði Böðvar Ámundason er fæddur 1. janúar 1917 að Dal koti í Vestur-Húnavatnssýslu. Hann hefur á árunum 1941—1958 hlotið níu sinnum sektir, 30—150 kr., fyrir brot gegn bifreiða-, umferðar- og áfengislögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur. Árið 1948 var hann með dómi lögregluréttar Reykjavíkur sýknaður af kæru fyrir brot gegn bifreiðalögum. Með dómi sakadóms Reykjavíkur hinn 8. janúar 1957 hlaut hann 1800 kr. sekt og var sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot gegn áfengis-, bifreiða- og umferðarlögum.

Ákærði Guðmundur Stefán Gíslason er fæddur 15. janúar 1906 í Reykjavík. Hann hefur á árunum 1941—1958 átta sinnum hlotið sektir, 20—200 krónur, og einu sinni áminningu fyrir brot gegn

umferðarlöggjöf og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 2. maí 1959, klukkan um 20.00, var Jóni Í Guðmundssyni yfirlögreluþjóni á Selfossi tilkynnt, að bifreiðinni R 3802 væri ekið um götur þorpsins og mundi ökumaður hennar ölv-aður. Fór lögreglumaðurinn ásamt Jóni Sigurðssyni bifreiðaeftirlitsmanni strax að sinna kallinu, og fundu þeir bifreiðina von bráð-ar úti fyrir Tryggvaskála. Í sömu mund og löggæzlumennirnir náðu vettvangi, kom ölv-aður maður slangrandi út úr veitingaskál-anum, og var þeim af nærstöddum sagt, að þar færi ökumaður bifreiðarinnar R 3802. Reyndist maður þessi vera ákærði Böðvar. Ekki vildi hann kannast við að hafa ekið, en sagði eiganda bifreiðarinnar, meðákærða Guðmund Stefán, ef til vill geta vísað á ökumann. Í anddyri Tryggvaskála hafði yfirlögreluþjónninn tal af ákærða Guðmundi Stefáni, sem staðhæfði, að meðákærði Böð-var hefði ekið bifreiðinni. Farið var með ákærðu til Reykjavíkur. Við yfirheyrslu hjá lögregluvarðstjóra þar játuðu ákærðu báðir akstri bifreiðarinnar með áhrifum áfengis, ákærði Guðmundur Stefán frá Reykjavík að Þjótanda og meðákærði Böðvar þaðan að Selfossi. Voru játningar þeirra skráðar milli klukkan 22.00 og 23.00, og skrifuðu báðir nöfn sín undir til staðfestu. Verður ráðið af varðstjóraskýrslum lögreglumannsins, að ölvíman hafi þá að mestu verið runnin af ákærðu.

Er ákærði Böðvar kom fyrir dóm hinn 10. júní 1959, neitaði hann gagnert akstri bifreiðarinnar umræddan dag, sagði með-ákærða Guðmund Stefán hafa ekið henni alla leiðina. Hins veg-ar viðurkenndi hann að hafa verið með áhrifum áfengis, meðan á akstri stóð, og einnig hafi hann neytt nokkurra sopa af víni, eftir að numið var staðar á Selfossi. Að spurður kvaðst ákærði Böðvar ekki muna, hvort hann hefði játað akstri bifreiðarinnar R 3802 við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Ákærði Guðmundur Stefán játaði fyrir dómi hinn 11. júní 1959 að hafa neytt vins, áður en lagt var af stað í austurförina, en síð-an ekið bifreið sinni R 3802 í beinu framhaldi neyzlunnar og jafn-framt drukkið á leiðinni og komizt undir áhrif áfengis við akst-urinn. Sökum ölvunar sagði hann minni sitt hafa þorrið, er að Þjótanda kom, og því gæti hann ekki borið um, hvort hann eða meðákærði Böðvar hefði verið við stjórn bifreiðarinnar frá Þjót-anda að Selfossi. Ekki vildi hann þó efa, að rétt væri eftir honum haft við yfirheyrslu hjá lögreglu.

Tekizt hefur að afla þriggja sjónarvotta að akstri bifreiðarinn-

ar R 3802 á Selfossi umrætt sinn. Fyrir dómi staðhæfðu tveir þeirra, að yngri maðurinn, þ. e. ákærði Böðvar, hefði verið við stjórn hennar, og hinn þriðji hugði hið sama, þótt hann vildi ekki full-yrða það, þar sem hann hefði ekki veitt ökumanni slíka athygli. Annar hinna fyrrtöldu kom fyrir dóm ásamt ákærðu og benti þar á ákærða Böðvar sem ökumann bifreiðarinnar. Hinir sjónarvottarnir eru búsettir á Selfossi. Vitnin unnu eið að framburðum sínum. Öll töldu þau, að ákærðu hafi sýnilega báðir verið ölvaðir.

Blóðsýnishorn var tekið úr ákærða Böðvari klukkan 23.05 nefnt kvöld. Reyndust vera í því „reducerandi efni“, er samsvara 0.96% af alkóhóli. Sýnishorn úr blóði ákærða Guðmundar Stefáns var tekið klukkan 22.45. Í því fundust „reducerandi“ efni, er samsvara 1.28% af alkóhóli.

Með eiðfestum framburði tveggja sjónarvotta og með hliðsjón af vætti hins þriðja sem og framburðum ákærðu, er raktir hafa verið hér að framan, telst nægilega sannað, að ákærði Böðvar hafi ekið bifreiðinni R 3802 um götur Selfoss laugardaginn 2. maí s.l. Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, eigin játningu og vitnaframburði er og sannað, að hann hafi verið með áhrifum áfengis við aksturinn. Varðar háttsemin við lagaákvæði þau, er í ákæruskjali greinir, og er refsing hans samkvæmt þeim hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga. Varhugavert þykir að telja nægilega sannað, að ákærði Böðvar hafi umrætt sinn ekið bifreiðinni frá Þjótanda að Selfossi, og verður hann því sýknaður af því ákæruatriði. Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæðum þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða Böðvar ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Með eigin játningu ákærða Guðmundar Stefáns og samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerzt sekur um hegðun þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er rétt færð til refsíákvæða. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 24. gr. áfengislaga nr. 58/1954 ber að svipta ákærða Guðmund Stefán ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða Böðvar ber að dæma til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hrl. Magnúsar Thorlacius, kr. 2000.00. Allan annan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómari sá, er málið dæmir, fór með rannsókn þess í júnímánuði 1959. Að öðru leyti hefur hann ekki haft af því afskipti, fyrr en nokkru eftir að það var dómtekið.

Dómsorð:

Ákærði Böðvar Ámundason sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Guðmundur Stefán Gíslason greiði 3000 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins. Hann er sviptur ökuréttindum í 8 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Böðvar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hrl., kr. 2000.00. Allan sakarkostnað greiði ákærðu in solidum.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1962.

Nr. 144/1961. **Áslaug Snorradóttir og Ásdís Jóhannesdóttir**  
(Sigurgeir Sigurjónsson hrl.)

gegn

Þorvaldi Jósefssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Skýring á ábúðarlögum. Útburðarmál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Valgarð Briem setufógeti hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. ágúst 1961 og krafizt þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og lagt verði fyrir fógeta að bera stefnda út af jörðinni Efranesi í Stafholtstungum og svo